



Vestfjarðastofa

# VESTFJARÐASTOFA

## FRÉTTABRÉF FEBRÚARMÁNAÐAR 2025

 VESTFJARÐASTOFA  
SUÐURGATA 12  
400 ÍSAFJÖRÐUM

 [FV@VESTFIRDIR.IS](mailto:FV@VESTFIRDIR.IS)  
 [WWW.VESTFIRDIR.IS](http://WWW.VESTFIRDIR.IS)  
 450-6600

# FRAMVINDA, ÞRÓUN, BREYTINGAR

**Sigríður Ó. Kristjánsdóttir**  
Framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu

Vestfjarðastofa sinnir fjölmörgum spennandi og áhugaverðum verkefnum. Eðli starfseminnar er þannig að við erum að horfa til framtíðar, lengri eða skemmri tíma og reyna með þeim ráðum sem við höfum að hafa áhrif til góðs.

Svæðisskipulag Vestfjarða er án efa stærsta og metnaðarfullsta verkefni sem við á Vestfjarðastofu höfum tekist á við. Vinna við það er í fullum gangi og þegar þetta er skrifað stendur yfir staðfundur svæðisskipulagsnefndar með sérfræðingum og starfsmönnum sveitarfélaga þar sem horft er til ársins 2050. Það er áhugavert að velta fyrir sér hvað þarf að gerast til að stuðla að íbúafjölgun, hvaða drifkraftar munu stuðla að vexti og hvernig mun fjölgun íbúa dreifast um svæðið.

Hagsmunagæsla síðustu ára hefur að verulegu leiti snúist um úrbætur í samgöngum og atvinnulífi. Þessir þættir skipta miklu máli en fleira þarf að koma til svo eftirsóknarvert verði að fólk kjósi búsetu á Vestfjörðum í framtíðinni. Viðfangsefni framundan snúast mikið um að atvinnulíf byggt á þekkingu. Hvernig aukum við verðmæti afurða sem þegar eru framleiddar á svæðinu? Hvernig skjótum við fleiri stöðum undir atvinnulífið? Hvernig tryggjum við góða og öfluga heilbrigðisþjónustu?



Rannsóknir sýna að fólk flytur meðal annars vegna þarfa barna. Aðgengi að menntun, tómstundastarfi og ekki síst aðstaða til íþróttaiðkunar hefur allt áhrif á hvar fólk velur að búa. Mikilvægt er til framtíðar að styrkja svo um munar atvinnusvæðin á svæðinu með markvissri uppbyggingu þess sem þarf til að gera Vestfirði að enn betri valkosti til búsetu til að svæðið geti svarað kröfum komandi kynslóða.

Um áramót kvöddu okkur tveir starfsmenn þau Sigrður Líndal sem sinnti starfi verkefnastjóra Brothættra byggða í Strandabyggð og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir sem var verkefnastjóri með starfsstöð á Patreksfirði. Við þökkum þeim báðum framlag þeirra til byggðapróunar á Vestfjörðum og frábært samstarf. Í febrúar hófu tveir nýir verkefnastjórar störf hjá okkur á Vestfjarðastofu, þær Embla Dögg Bachmann sem er verkefnastjóri brothættra byggða á Reykhólum og Erna Lea Bergsetinsdóttir sem er verkefnastjóri farsældarráðs og verður með starfsstöð á Patreksfirði. Við bjóðum þær velkomnar í hópinn.

# ERINDI UM MÖGULEIKA VESTFJARÐA TIL ÞÖRUNGARÆKTAR Í VÍSINDAPORTI

Magnús Þór verkefnastjóri Vestfjarðastofu á sviði nýsköpunar og fjárfestinga var gestur í Vísindaporti Háskólaaseturs Vestfjarða föstudaginn 28. Febrúar. Þar fjallaði hann um möguleika Vestfjarða til þörungaræktar á Vestfjörðum. Í erindi Magnúsar var farið yfir þau atriði sem gera Vestfirði að góðum kosti til þörungaræktar þ.e. góð náttúruleg skilyrði, mikilvægir innviðir og löng reynsla af hagnýtingu strandsvæða.

Breiðafjörður og Húnaflói eru þau svæði Vestfjarða sem væri mest spennandi að þróa þörungarækt á. Á þessu svæði Vestfjarða hefur verið samdráttur í hefðbundnum atvinnugreinum landbúnaðar og sjávarútvegs, á sama tíma eru sjókvíeldi óheimil á svæðunum á grundvelli náttúruverndar.

Ræktun þörungum og sú vaxandi þörf sem er eftir þörungum í heiminum er því spennandi kostur á svæði sem býr að vannýttum jarðvarma og sterkum tengslum við strandsvæðin. Árið 2021 var heimsmarkaðsvirði þörungum \$20.16 milljarðar. Heimsmarkaðsvirði laxeldis var \$14.87 milljarðar sama ár og er því um áhugaverða atvinnuþróun að ræða.

Í Noregi eru um 10 fyrirtæki starfandi í þörungarækt og deila með sér 130 leyfum. Það er vonandi að við sjáum vestfirsk fyrirtæki í ræktun á þörungum á næstunni, sérstaklega í ljósi þess að hafin er endurskoðun á lögum um lagareldi, þar sem þörungarækt verður gerð skil.



Í Strandsvæðaskipulagi Vestfjarða er gert ráð fyrir ræktun þörungum á þeim svæðum sem skilgreind eru sem almenn nýting en að auki er þörungarækt heimil á svæðum skilgreindum sem staðbundin nýting.

Næringarrikar tegundir þrífast í köldum sjó við strendur Íslands, sem þýðir að íslensk þörungaræktir eru stendur vel að við þegar kemur að vinnslu á verðmætum efnum úr þörungum. Til að auka samkeppnishæfni geta íslenskir aðilar í stórþörungarækt lagt áherslu á verðmatar unnar vörur og leitað aðgreiningar frá fjöldaframleiddum hrávörum framleiddum við strendur, sem er tækifæri fyrir Vestfirði sem er 1/3 af strandlengju Íslands.

Stofa og Framtíð Hagkerfið á Íslandi  
Marsveturábyrgð 2023

## Sóknarfæri í þörungarækt

Einstök skilyrði eru til þörungaræktunar á Vestfjörðum. Skjólögðir firir skapa góða náttúrulega umgjörð og aðgengi er að jarðvarma til hráefnisþurrkunar.

**Breiðafjörður, Reykhólar, Strandir, sunnanverðir Vestfirðir og Ísafjarðardjúp** eru svæði sem henta vel til þörungaræktar.

Þörungur eru algeng nýgjavara á heimsvísu og eru meðal annars notaðir í matvæli, fædur og lyf. Þörungarækt er talin hafa jafna kosti sem til dæmis felast í því að vinna gegn loftslagsbreytingum og gya undir sjálfbærni, efla sjávarbyggðir og stuðla að bættri heilsu með næringarrikum afurðum.

Stofa og Framtíð Hagkerfið á Íslandi  
Economic Consulting Group 2023

## Hagrænt virði þörungaaafurða



## Kostir Vestfjarða til þörungaræktar

- Vestfirðir eru 1/3 af strandlengju Íslands
- Skjólögðir firir
- Næringarrikur sjór og góð vaxtakilyrði
- Jarðvarmi til þurrkunar
- Aldalöng hefð fyrir sjálfbærni nýtingu sjávar





# MARKAÐSSTOFA VESTFJARÐA Í JAPAN

Sölvi Guðmundsson er staddur í Japan þar sem hann hittir áhugasama ferðakaupendur sem vilja sækja Vestfirði heim. Það er svissneski ferðarisinn Kuoni Tumlare sem stendur fyrir viðburðunum sem Markaðsstofa Vestfjarða sótti í Osaka og Tókýó. Á fundinn í Osaka var um 50 ferðakaupendum boðið og í Tókýó voru þeir 150. Hittu þeir aðila úr ferðaþjónustu í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi, Danmörku, Eistlandi, Lettalandi og auðvitað Íslandi. Fyrirkomulagið var með þeim hætti að fundunum var stillt upp eins og hraðstefnumótum þar sem ferðaþjónustuaðilarnir áttu þess kost að hitta talsverðan fjölda af ferðakaupendum. Sölvi segir að fundirnir hafi gengið framár vonum og að japanskir ferðakaupendur séu sérlega spenntir fyrir Vestfjörðum sem er nýr áfangastaður hjá þeim flestum.

Sölvi nýtti einnig tækifærið að heimsækja Íslenska sendiráðið í Tókýó og átti þar góðan fund með Ragnari Þorvarðarsyni varamanni sendiherra og viðskiptafulltrúanum Ryosuke Hosaka.



# BROTHÆTTAR BYGGÐIR Í REYKHÓLAHREPPI


Reykhólahreppur er þátttakandi í byggðaþróunarverkefninu Brothættar byggðir. Gerður var samningur um verkefnið til fimm ára, eða frá upphafi árs 2025 til ársloka 2029, sem er lenging um eitt ár frá því sem áður hefur tíðkast. Með lengingu framkvæmdatímabils standa vonir til að hægt verði að ná auknum árangri og skjóta styrkari stoðum undir atvinnulíf, mannlíf og búsetu í Reykhólahreppi. Verkefnisstjóri er Embla Dögg Bachmann og er hún með aðstöðu á skrifstofu Reykhólahrepps.

Verkefnið er samstarfsverkefni heimamanna, Reykhólahrepps, Byggðastofnunar og Vestfjarðastofu og er verkefnisstjórn skipuð fulltrúum þessara aðila.

Aðalmarkmið Brothættra byggða er að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðarlögum.

Undirmarkmið verkefnisins eru eftirfarandi:

- Að auka viðnámsþrótt brothættra byggðarlaga gegn hnignun svo sem fólksfækkun, skekktri aldursdreifingu og áföllum í atvinnulífi.
- Að virkja frumkvæði og samtakamátt íbúa og auka vitund þeirra um eigin þátt í þróun samfélagsins.
- Að gefa íbúum kost á að taka þátt í forgangsröðun málefna.
- Að stilla saman strengi ríkis, sveitarfélags, opinberra stofnana, atvinnulífs og íbúa í ákvörðunum sem varða viðkomandi byggðarlag.
- Að nýta verkefnið til að vekja athygli á viðfangsefnum sem eiga við í fleiru en einu byggðarlagi og leita lausna á þeim í samstarfi við stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila.



Verkefnisstjórn skipa:

Hrefna Jónsdóttir, fulltrúi sveitarstjórnar  
Aðalsteinn Óskarsson, fulltrúi Vestfjarðastofu  
Vésteinn Tryggvason og Guðlaug Guðmunda I.  
Bergsveinsdóttir, fulltrúar íbúa  
Kristján Þ. Halldórsson og Helga Harðardóttir,  
fulltrúar Byggðastofnunar.

Verkefnastjóri er Embla Dögg Bachmann



# VESTFJARÐASTOFA ÞÁTTAKANDI Í BOCOD

Vestfjarðastofa og Fræðslumiðstöð Vestfjarða eru þátttakendur í evrópsku samfélagsverkefni sem fékk þá hjálu skammstöfun BOCOD. BOCOD stendur fyrir Boosting Continuity and Digitalisation of Rural Region Businesses, eða styrking kynslóðaskipta og tæknivæðingu viðskiptaumhverfis í dreifðum byggðum. Verkefnið er styrkt af Interreg áætlun Evrópusambandsins fyrir norræna jaðar- og heimskautasvæðið og er það leitt af Tækniskólanum Munster á Írlandi. Aðrir samstarfsaðilar eru Þróunarskrifstofa Joensu, háskólarnir í Oulu og Laplandi á Finnlandi, ásamt Austurbrú á Austfjörðum.

Kynslóðaskipti í dreifbýli hafa reynst flóknari og meira krefjandi en í þéttbýli. Markmið verkefnisins er að vinna að lausnum sem auðvelda þessi skipti sem eru mikilvægur liður í viðgangi samfélags okkar í hinum dreifðu byggðum. Fræðslumiðstöð Vestfjarða mun koma að vinnu við þróun og innleiðingu stafrænna lausna í samstarfi við aðra þátttakendur verkefnisins og þá sérstaklega Austurbrú, þar sem viðfangsefnið er mjög svipuð og okkar.

Verkefnið stendur í 2 ár og vonumst við til að það muni skila okkur verkfærum sem auðvelda kynslóðaskipti í atvinnulífi og styrki samfélagslega endurnýjun.

Það er skemmtilegt frá því að segja að fyrsta tenging okkar við verkefnamótunina var við finnsku samstarfsaðila verkefnisins sem þekktu Ísafjörð vel í gegnum skáldsögur Satu Rämö. Þannig takk Satu.



Í ágúst 2024 var haldinn vinnufundur í Torneo í Finnlandi þar sem samstarfshópurinn kom saman og vann að umsókninni.

# PÚKINN STYRKIR 12 VERKEFNI

Hin vestfirska barnamenningarhátíð Púkinn verður haldin dagana 31. mars – 11. apríl. Í desember var kallað eftir umsóknum um styrki til að vera með viðburði á hátíðinni og var hægt að sækja um til og með 23. janúar. 22 umsóknir bárust og var þriggja manna valnefnd skipuð með einstaklingum af öllum þremur svæðum Vestfjarða sem bæði þekkja til menningarmála og vinnu með börnum. Horft var til þess að verkefni gætu farið fram sem víðast og að þau samræmdust þema hátíðarinnar, vestfirskar þjóðsögur.

## 12 verkefni hlutu styrk

Katerina Blahutova fékk 555.000 fyrir Sæskrímslabúrið.

Strandagaldur fyrir Vestfirska þjóðsagnagerðin 300.000.

Bókasafn Vesturbyggðar, 230.00 fyrir Þjóðsögustofuna.

Grunnskóli Drangsness/Ásta Þórisdóttir fyrir Trumbur, tröll og jötnar 200.000.

Edinborgarhúsið, 200.000 fyrir Púkahlaðvarp.

Listasafn Ísafjarðar 185.000 fyrir Ævintýraheim myndskreytinga.

Marie Susann Zeise, Púkinn á Reykhólum – frásagnarlist með Ragnheiði Þóru Grímsdóttur, 150.000.

Andri Freyr Arnarsson fyrir Langspilssmiðjur með Eyjólf Eyjólfssyni, 150.000.

Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti, safnabingó, 150.000.

Kristjana Einarsdóttir, 130.000 fyrir Furðuverur á flandri.

Tónlistarskóli Vesturbyggðar, 110.00 fyrir Vinnustofur í sviðslistum með Emil Kohlmayer.

Bókasafnið á Ísafirði fyrir Tröll segja sögur 90.000 kr.

Dagskrá hátíðarinnar er byrjuð að taka á sig mynd og hvetjum við ykkur til að fylgjast með frekari fréttum á heimasíðu Vestfjarðastofu. Sérstakt viðburðadagatal fyrir Púkann verður að finna inn á [www.vestfiridir.is/pukinn](http://www.vestfiridir.is/pukinn)



Púkinn hlaut styrk úr Barnamenningarsjóði.



# GULLKISTAN VESTFIRÐIR

## Undirbúningur Sóknarhóps Vestfjarða

Þann 6. september verður haldin sýningin Gullkistan Vestfirðir í íþróttahúsinu Torfnesi á Ísafirði. Þessi sýning á að birta allt það helsta sem vestfirskt atvinnulíf og menning býður upp á.

Sóknarhópur Vestfjarða verður með vinnufund þann 18. mars næstkomandi en á vinnufundinum ætlum við að fanga þann anda sem viljum stilla fram á sýningunni. Með okkur í þá vinnu höfum við fengið engan annan en Braga Valdimar Skúlason sem hefur talsvert unnið með sóknarhópnum. Einnig verður á fundinum Heiðrún Björk Jóhannsdóttir eða Heiða í Netagerðinni sem hefur verið ráðin sem sýningarhönnuður. Á árinu verða fjöldi smærri viðburða í ár og á næsta ári þar sem fyrirtækin kynna sig og sína vöru og þjónustu. en stærsti viðburðurinn verður sýningin Gullkistan Vestfirðir.

Auk þess verða fjöldi smærri viðburða í ár og á næsta ári þar sem fyrirtæki á svæðinu eiga þess kost að kynna sig og sína vöru og þjónustu. Þeir viðburðir verða haldnir um alla Vestfirði með opnum húsum, mörkuðum og menningarviðburðum. Meginmarkmiðið er að efla ímynd Vestfjarða og miðla til Vestfirðinga öllu því sem við erum að vinna að vítt og breytt um Vestfirði.

Við hvetjum alla sem tilheyra Sóknarhópnum til að skrá sig á fundinn og hina sem langar að tilheyra til að skrá sig í Sóknarhópinn.

Vinnufundurinn verður haldin í Vestfjarðastofu, við Suðurgötu 12, þann 17. mars.

Boðið verður upp á súpu frá 12:00 en vinnan hefst klukkan 13:00

[Vinsamlegast skráið ykkur á fundinn hér](#)



# MENNINGARSTEFNA VESTFJARÐA FRAMUNDAN

Undirbúningur er hafinn að gerð menningarstefnu Vestfjarða. Menningarstefnunni er ætlað að vera leiðarljós fyrir sveitarfélög, menningarstofnanir og aðra sem sinna menningarmálum á Vestfjörðum. Hún verður unnin í samræmi við aðrar stefnur sem koma inn á menningarmál, svo sem Sóknaráætlun Vestfjarða, Byggðaáætlun og menningarstefnu þeirra sveitarfélaga sem hafa unnið slíka stefnumótun. Samhliða gerð menningarstefnu verður unninn tillögulisti, nokkurs konar aðgerðaáætlun sem gæti gagnast fyrirnefndum aðilum við framkvæmd menningarmála.

Við gerð menningarstefnu verður myndað fagráð, skipað einum fulltrúa frá hverju sveitarfélagi og nokkrum listamönnum sem eru búsettir á Vestfjörðum og starfa að list sinni. Við val á listamönnum verður lögð áhersla á að þeir séu frá mismunandi svæðum á Vestfjörðum og hafi innsýn í mismunandi geira menningar og lista. Mikil áhersla verður lögð á samráð og samtal í þessari vinnu. Hún verður að mestu unnin í fjarfundum og verða þeir að mestu opnir öllum sem vilja leggja eitthvað til málanna. Vinna við gerð menningarstefnu er að fara í gang á næstu dögum og verður reynt að láta þetta ferli ganga hratt og örugglega. Það er Vestfjarðastofa sem stendur að gerð menningarstefnunnar og verkefnisstjóri er Skúli Gautason, menningarfulltrúi.



@ Daníel Starrason



## ERNA LEA KOMIN TIL STARFA

Erna Lea Bergsteinsdóttir er nú lent á vestfirskri grundu og hefur hafið störf verkefnastjóri farsældar hjá Vestfjarðastofu. Sigríður Kristjánsdóttir og Vilborg Pétursdóttir héldu yfir á Patreksfjörð í vikunni að bjóða Ernu velkomna á starfsstöð hennar í Ólafshúsi.

Farsældarverkefnið er samstarf Vestfjarðastofu og mennta- og barnamálaráðuneytisins og er til tveggja ára. Verkefnið nær yfir allt starfsvæði Vestfjarðastofu og verkefnastjóri mun vinna með hagaðilum um alla Vestfirði. Markmið verkefnisins eru að samhæfa farsældarþjónustu í sveitarfélögunum á Vestfjörðum og koma á fót svæðisbundnu farsældarráði í landshlutanum.

# ÍBÚAFUNDUR VEGNA VERKEFNISLOKA STERKRA STRANDA

Fimmtudaginn 20. febrúar var haldinn íbúafundur vegna verkefnisloka Sterkra Stranda út frá þátttöku þess í Brothættum byggðum. Verkefnið hófst í júní 2020 eftir nokkrar tafir vegna heimsfaraldurs og hefur staðið í á fimmta ár. Aðalsteinn Óskarsson fulltrúi Fjórðungssambands Vestfirðinga í verkefnisstjórn stýrði fundinum.

## Staða í lok verkefnis

Sigurður Líndal, fráfarandi verkefnisstjóri, fór yfir nokkur atriði og skýrði framtíðarsýn verkefnisins og framgang í vinnu að markmiðum verkefnisins. Þar er vinna mislangt komin en ýmis mál hafa þokast vel áfram eða markmiðum náð. Einnig ræddi hann um frumkvöðlaverkefni sem hafa hlotið styrki úr Frumkvæðissjóði Sterkra Stranda á árunum 2020-2024. Alls voru veittir 73 styrkir til frumkvæðisverkefna og heildarupphæðin er 73.020.000 krónur. Vinnu við þessi verkefni er að mestu lokið. Sigurði voru þökkuð góð störf í þágu samfélagsins og verkefnisins Sterkra Stranda.

## Niðurstöður íbúakönnunar

Umsjónarfólk Brothættra byggða á landsvísu hjá Bygðastofnun og fulltrúar í verkefnisstjórn Sterkra Stranda fóru yfir niðurstöður könnunar sem gerð var meðal íbúa í Strandabyggð um mánaðamótin janúar - febrúar 2025. Í könnuninni var markmiðið að kanna viðhorf íbúa til atvinnu- og búsetumála í sveitarfélaginu, auk upplifunar af verkefninu Sterkar Strandir. Í svörunum kom meðal annars fram að íbúum líður almennt vel í Strandabyggð og mikill meirihluti telur líklegast að viðkomandi muni búa þar áfram. Þegar spurt var út í hvað íbúar teldu helst einkenna lífið á Ströndum svöruðu 46 það vera þætti er tengjast mannlífi og 44 það vera þætti er varða ósætti/sundrunu. Þá má segja að viðhorf til verkefnisins Sterkra Stranda séu sumpart blöndin, en langflestir eru á því að halda eigi áfram að vinna með framtíðarsýn og markmið verkefnisins. [Hér](#) má sjá kynningu Bygðastofnunar á niðurstöðum könnunarinnar.



## Kynningar frumkvöðla

Þrír frumkvöðlar kynntu sín verkefni. Jamie Lee kynnti verkefni sitt um uppbyggingu á vinnsluáðstöðu matvæla í Kuklinu á Hólmavík, en það er aðstaða sem búið er að innrétta í fyrrum fiskvinnsluhúsi á Hólmavík.

Finnur Ólafsson kynnti verkefnið Galdur Brugghús og uppbyggingu aðstöðu þar. Félagið hefur komið sér upp góðri aðstöðu í fyrrum fiskvinnsluhúsi en í húsinu hefur Finnur einnig leitt verkefni um uppbyggingu aðstöðu fyrir aðra frumkvöðla undir heitinu Kuklið, með stuðningi úr C.1 potti byggðaáætlunar á árinu 2024.

Röfn Friðriksdóttir kynnti verkefni um uppbyggingu aðstöðu fyrir fótisnyrtingu í fyrrum skrifstofuaðstöðu Kaupfélags Steingrímsfjarðar. Verið er að standsetja húsnæðið en sú vinna er langt komin. Hún hyggst einnig bjóða upp á fleiri þjónustubætti svo sem handsnyrtingu og svæðanudd. Strandabyggð bauð að þessu loknu upp á veitingar fyrir fundargesti.

## Eftirfylgni Sterkra Stranda

Þorgeir Pálsson, sveitarstjóri, var með erindi um eftirfylgni við verkefnið Sterkar Strandir en Strandabyggð hefur nú tekið við keflinu og mun leiða verkefnið áfram. Í því samhengi var fundargestum skipað í þrjá hópa þar sem framtíðarskipulag þessarar vinnu var rætt. Fulltrúar hvers hóps gerðu grein fyrir niðurstöðum í lok umræðu. Þar kom fram að áhugi er á að fylgja verkefninu eftir.

## Lokaávarp

Í lok fundar flutti Sigríður Elín Þórðardóttir, forstöðumaður Þróunarsviðs Byggðastofnunar, ávarp og nefndi m.a. að margt jákvætt hefði komið fram í niðurstöðum könnunar meðal íbúa sem vert væri að byggja á. Hún þakkaði að lokum samstarfsaðilum, íbúum Strandabyggðar, Vestfjarðastofu og sveitarfélaginu Strandabyggð fyrir samstarfið í verkefninu Sterkrar Strandir og óskaði Strandamönnum velfarnaðar í framtíðinni. Fréttin byggir að mestu á [frétt](#) á vef Byggðastofnunar og eru myndir einnig þaðan



Mynd: KBH

# LIST FYRIR ALLA - OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR

Nú er hægt að senda inn umsókn í List fyrir alla fyrir starfandi listamenn, stofnanir og aðra þá er sinna barnamenningu á einhvern hátt. Hlutverk List fyrir alla er að styðja við verkefni á sviði barnamenningar fyrir grunnskólabörn. Til barnamenningar teljast verkefni á sviði lista og menningar sem unnin eru fyrir börn og/eða með virkri þátttöku barna. Markmið er að jafna aðgengi grunnskólabarna að fjölbreyttum og vönduðum listviðburðum óháð búsetu og efnahag. Leitast er við að gera allar listgreinar sýnilegar innan verkefnisins eins og kostur er. Listverkefnin skulu í öllum tilfellum vera unnir af fagfólki og bestu mögulegu gæðum.

Umsóknarfrestur fyrir skólaárið 2025 – 2026 er 16. mars 2025.

Valnefnd metur umsóknir og gildi þeirra með hliðsjón af því hvernig þær falla að markmiðum verkefnisins List fyrir alla. Listviðurðir og verkefni skulu í öllum tilvikum vera unnin af fagfólki og metnaði. Við mat á umsóknum er valnefnd heimilt að leita umsagnar, gerist þess þörf.

Til að sækja um er hægt að smella ímeð því að smella [hér](#). Ákvörðun um úthlutun mun liggja fyrir í maí ár hvert. Nánari upplýsingar um greiðslur og fyrirkomulag má fá hjá verkefnastjóra List fyrir alla, [info@listfyriralla.is](mailto:info@listfyriralla.is)



List fyrir alla

## BROTHÆTTAR BYGGÐIR

ÍBÚAÞING Í REYKHÓLAHREPPI 22. MARS & 23. MARS 2025

**TÍMASETNING** LAUGARDAG 22. MARS KL 11 - 16 : 00  
SUNNUDAG 23. MARS KL 11 - 15 : 30

**HVAR: HLUNNINDASAFNIÐ**

Boðið verður uppá hádegisverð og kaffiveitingar á meðan á íbúaðinginu stendur, því lýkur svo með veislukaffi sunnudag kl. 15:00

### AF HVERJU

ER MIKILVÆGT AÐ ÍBÚAR MÆTI?

Brothættar byggðir byggir á frumkvæði og þátttöku íbúa. Engin undirbúningsþörf – bara mæta! Þín rödd skiptir máli og getur haft jákvæð áhrif á framtíð Reykhólahrepps.



# HVAÐ EINKENNIR GÓÐA STYRKUMSÓKN?

FUm sóknaskrif voru til umfjöllunar í fyrirlestraröð landshlutasamtakanna Forvitnir frumkvöðlar á þriðjudaginn. Þar fjallaði Þórunn Jónsdóttir um málið af gríðarmikilli þekkingu og reynslu. Ræddi hún um hvað styrkumsóknir eiga sameiginlegt, óháð því hvaða sjóði er verið að sækja í og hvað þarf að hafa í huga svo meiri líkur séu til árangurs. Þórunn hefur á ferli sínum skrifað hundruð umsókna og þekkir því vel hversu snúið það getur reynst að semja góða umsókn.

Þórunn sagði mikilvægt að undirbúa sig vel: kynna sér úthlutunarreglur, skoða hverjir hafa fengið styrki áður, athuga hverjir sitja í fagraði og yfirfara matsblað viðkomandi sjóðs til að átta sig á því hverju er verið að leita eftir. Lykilþættir til árangurs segir hún vera afmörkun verkefna með skýrt upphaf og endi.

Þá lagði Þórunn áherslu á mikilvægi þess að setja upp styrkjastefnu fyrir þá sem starfa á sviði nýsköpunar. Slík stefna þarf að innibera skýra framtíðarsýn, tilgang og markmið, jafnframt greiningu á fjárhagslegri þörf og aðgerðaráætlun. Fyrirlesturinn var vel sóttur og endaði á fjörugum umræðum, þar sem Þórunn svaraði öllum spurningum af mikilli skýrleika. Smelltu hér til að nálgast upptöku af fyrirlestrinum.

Næsti fyrirlestur verður haldinn 4. mars kl. 12 og fjallar um notkun gervigreindar við umsóknarskrif.

**FORVITNIR FRUMKVÖDLAR**  
UMSÓKNASKRIF - MEÐ ÞÓRUNNI JÓNSDÓTTUR

SSNE  
SASS SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA  
SSV  
SSS

Þriðjudaginn  
4. febrúar  
Klukkan 12:00  
Á TEAMS

10

# FRÉTTABRÉF RECET KOMIÐ ÚT

Vestfjarðastofa er þátttakandi í verkefnum Rural Europe for the Clean Energy Transition (RECET). RECET hlaut árið 2023 styrk sem nemur um 1,5 milljónum evra (225 milljónum ISK) úr LIFE styrktaráætlun Evrópusambandsins sem leggur áherslu á umhverfis- og loftslagsmál. Verkefnið er samstarfsverkefni fimm landa og fjölmargra sveitarfélaga, og er það leitt af Íslendingum. RECET er ætlað að efla getu sveitarfélaga á fimm svæðum í Evrópu til að takast á við orkuskipti og smíða orkuskiptaáætlanir fyrir svæðin í samvinnu og samstarfi við hagsmunaaðila og atvinnulíf.

Sveitarfélög í dreifðum byggðum munu gegna lykilhlutverki í orkuskiptum og innleiðingu aðgerða sem miða að markmiði Evrópusambandsins um kolefnishlutleysi 2050 og lögfest markmið Íslands um kolefnishlutleysi 2040. Aðkoma sveitarfélaga er nauðsynleg þar sem uppbygging orkuinnviða þarf að eiga sér stað, sérstaklega í skipulagsgerð og leyfisveitingum.

Út er komið fyrsta fréttabréf verkefnisins þar sem lesa má um það sem búið er að gera í þáttökulöndunum til þessa.

[Fréttabréfið](#) má lesa hér.



Co-funded by  
the European Union



# RECET

# SJÁLFBÆR FERÐAÞJÓNUSTA: TÆKIFÆRI TIL VAXTAR OG ÁHRIFA

Ferðaþjónustan er ein mikilvægasta stoð efnahagslífsins á Íslandi og hefur vægi hennar á Vestfjörðum aukist umtalsvert á undanförunum árum. Ferðaþjónusta hefur gífurleg áhrif á bæði efnahag og umhverfi en þá skiptir sköpum að vöxtur ferðaþjónustunnar sé í sátt við náttúru og samfélög. Í því samhengi er gjarnan talað um sjálfbæra og nærandi ferðaþjónustu, en hvað er það eiginlega?

Í stuttu máli byggir sjálfbær ferðaþjónusta á þremur meginstoðum sjálfbærni; efnahag, umhverfi og samfélagi. Í því felst að ganga ekki á auðlindir við að ná fram efnahagslegum ávinningi. Nærandi ferðaþjónusta gengur skrefinu lengra og er hugsunin sú að nærandi ferðaþjónusta skili af sér ábata til baka til annað hvort umhverfis, nærsamfélags, eða bæði. Á tímum loftslagsbreytinga og aukinnar vitundar um sjálfbærni skiptir það sköpum að byggja upp ferðaþjónustu sem er ekki aðeins sjálfbær heldur líka nærandi – sem skilur eftir sig jákvæð áhrif á svæðin sem taka á móti ferðamönnum. Sjálfbær og nærandi ferðaþjónusta felur því í sér að fyrirtæki og samfélög leiti leiða til að lágmarka umhverfisáhrif, styrkja efnahagslegar stoðir og tryggja að ferðaþjónusta stuðli að lífsgæðum í heimabyggð. Með því að nálgast ferðaþjónustu með þetta að leiðarljósi skapast tækifæri til nýsköpunar og aukinnar verðmætasköpunar, þar sem ferðaþjónusta styður við samfélög og náttúru frekar en að vera þeim íþyngjandi. Þar að auki getur beinlínis skapað aukið aðdráttarafl til áfangastaða að þeir leggi áherslu á ábyrga ferðaþjónustu sem hefur sjálfbærni að leiðarljósi og segi frá því á virkan hátt.




Eitt þeirra verkefna sem miðar að því að styðja ferðaþjónustufyrirtæki í þessari vegferð er Ratsjain, þróunarverkefni á vegum Íslenska ferðaklasans. Þar fá stjórnendur í ferðaþjónustu tækifæri til að efla hæfni sína og byggja upp sjálfbærari rekstur. Í ár taka tíu fyrirtæki frá Vestfjörðum þátt í verkefninu, sem gefur til kynna að áhuginn á sjálfbærari ferðaþjónustu sé mikill hér á svæðinu, eitthvað sem við á Markaðsstofunni erum afar stolt af.

## Samtal um framtíð ferðaþjónustu

Dagana 12.-13. mars fer fram ráðstefnan Nordic Regenerative Tourism Conference, sem er einnig haldin af Íslenska ferðaklasanum. Þar verður kastljósinu beint að því hvernig ferðaþjónusta getur ekki aðeins dregið úr neikvæðum áhrifum heldur einnig skilað samfélögum og vistkerfum ávinningi. Á ráðstefnunni verður rætt um hagnýt skref í átt að sjálfbærari ferðaþjónustu og hvernig greinin getur unnið með öðrum atvinnugreinum, svo sem landbúnaði og hönnun, til að skapa jákvæð áhrif til framtíðar.

Fyrir þau sem hafa áhuga á sjálfbærni í ferðaþjónustu er ráðstefnan kjörinn vettvangur til að sækja sér innblástur og fræðslu og hvetjum við áhugasöm fyrirtæki að skrá sig til þátttöku. Nánari upplýsingar má finna á: [www.norreg.is/conference](http://www.norreg.is/conference).



# HAFIÐ VERÐUR ÞEMA PÚKANS 2026

Þrátt fyrir að Púkinn 2025 sé ekki um garð genginn er þegar farið að leggja drög að hátíðinni vorið 2026. Stýrihópur Púkans kemur reglulega saman á fundum og hefur hann lagt til dagsetningarnar 27. apríl – 8. maí 2026. Einnig tók stýrihópur hugarflug um möguleg þema fyrir næsta Púka og lagði hann til sex þema sem ungmennaráð Vestfjarða kaus svo um á fundi sínum í vikunni. Ungmennaráðið valdi hafið sem þema næstu hátíðar og myndi það gjarnan vilja sjá unnið með vísindi og tengingu á milli staða í áherslum.

Verið er að vinna í síðu Púkans sem er nú [www.vestfiridir.is/pukinn](http://www.vestfiridir.is/pukinn)

Dagskrá hátíðarinnar er að taka á sig mynd og verður hana að finna neðst á síðunni. Í annarri frétt hér er að finna þá viðburði sem hlutu styrk úr Púkasjóðnum en einnig verða í boði viðburðir á vegum hátíðarinnar. Ef þú ert með viðburð sem þú vilt að fari a dagskrá hátíðarinnar endilega sendu okkur línu á [vilborg@vestfiridir.is](mailto:vilborg@vestfiridir.is) eða [annska@vestfiridir.is](mailto:annska@vestfiridir.is)

Eins og áður hefur komið fram hlaut hátíðin styrk frá Barnamenningarsjóði og erum við afar þakklát fyrir að geta unnið að lifandi barnamenningu á Vestfjörðum!





# Í LIÐI MEÐ LÍFRÍKINU

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið boðar til kynningar á vinnu við stefnumótun um líffræðilega fjölbreytni í Norræna húsinu fimmtudaginn 13. mars kl 9:30. Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ávarpar fundinn.

Ísland hefur líkt og aðrar aðildarþjóðir Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni samþykkt markmið og aðgerðir til að ná árangri við að snúa við hnattrænni hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Á kynningarfundinum verður greint frá forsendum og bakgrunni stefnumótunarvinnu stýrihóps sem nú vinnur að mótun nýrrar stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni. Athyglinni er m.a. beint að áherslum nýja KMGBF-samkomulagsins og hvernig það hefur mótað skipulag vinnunnar, áherslur í verklagi og þau lykilviðfangsefni sem stefnt er að því að stefnan fjalli um.

Stýrihópin skipa fulltrúar umhverfis-, orku-, og loftslagsráðuneytis, innviðaráðuneytis, háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytis, mennta- og barnamálaráðuneytis, heilbrigðisráðuneytis, matvælaráðuneytis, Háskóla Íslands og Sambands íslenskra sveitarfélaga en fulltrúi þess er Guðrún Anna Finnbogadóttir starfsmaður Vestfjarðastofu. Mótun stefnu um líffræðilega fjölbreytni er lykilþáttur í innleiðingu á áherslum Samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni.

Við hjá Vestfjarðastofu viljum benda þeim sem vinna að málefnum um líffræðilegan fjölbreytileika á þennan viðburð og koma þannig að stefnumótunarvinnunni.

[Í liði með lífríkinu](#) | [Facebook](#)



## VESTFIRÐIR KYNNTIR Á MID ATLANTIC

Dagana 30.-31. janúar var ferðakaupstefna Icelandair Mid Atlantic haldin í 30. sinn. Viðburðinn sóttu um 700 alþjóðlegir kaupendur og seljendur, flestir seljendur komu frá Íslandi, en einnig voru margir frá Færeyjum, Grænlandi og Bandaríkjunum. Kaupendurnir komu víðar að helst úr Vestur-Evrópu og Bandaríkjunum, en þó voru einhverjir sem komu lengra að, sumir alla leið frá Indlandi.

Vestfirðir fengu úrvalsstað á sýningunni við inngang sýningarsalsins í Laugardalshöll. Vestfirðingarnir tóku því á móti öllu gestum sem gengu inn en í framlínunni með Markaðsstofu Vestfjarða voru fyrirtækin Westfjords Adventures, Vesturferðir og Fantastic Fjords sem fræddu gesti um Vestfirði og ferðaþjónustu á svæðinu.



# FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR: NOTKUN GERVIGREINDAR VIÐ GERÐ STYRKUMSÓKNA

Næsti fyrirlestur Forvitinna frumkvöðla verður þriðjudaginn 4. mars og mun hann fjalla um hvernig hægt er að nýta gervigreind við gerð styrkumsókna. Atli Arnarson, sérfræðingur hjá Tækniþróunarsjóði mun fræða okkur um möguleikana sem gervigreindin býður frumkvöðlum. Markmiðið er að veita innsýn í þessa þróun og kynna gervigreindartól og aðferðir sem umsækjendur geta nýtt sér, ásamt mögulegum áskorunum, siðferðilegum álitaefnum og takmörkunum tækninnar.

[Skrá þarf þátttöku hér.](#)

Landshlutasamtökin: Austurbrú, SASS, SSNE, SSNV, SSS, SSV og Vestfjarðarstofa standa að mánaðarlegum fræðsluerindum fyrsta þriðjudag í mánuði. Fjölbreytt fræðsla í boði fyrir frumkvöðla og önnur áhugasöm um nýsköpunarsenuna. Fræðsluhádegin eru öllum opin og að kostnaðarlausu!

Erindin verða haldin á Teams og hefjast þau kl.12. Ráðgert að hvert erindi verði ekki lengra en 45 mínútur. Í kjölfar hvers erindis gefst kostur á að leggja fram spurningar.

**FORVITNIR FRUMKVÖÐLAR**  
GERVIGREIND & UMSÓKNASKRIF  
- MEÐ ATLA ARNARSYNI

SSNU  
SSS  
SSV  
SSNE  
Vestfjarðastofa  
AUSTURBRÚ  
SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA

Þriðjudaginn  
4. mars  
Klukkan |  
12:00  
Á TEAMS

# ATVINNUMÁL KVENNA - STYRKIR

## Ertu með góða hugmynd?

Vinnumálastofnun/félags-og vinnumarkaðsráðuneytið auglýsir styrki til atvinnumála kvenna árið 2025 lausa til umsóknar!


Heildarfjárhæð styrkja að þessu sinni eru kr. 35.000.000 og er hámarksstyrkur kr. 4.000.000. Skilyrði er að verkefnið/hugmyndin falli að eftirfarandi skilyrðum:

- Verkefnið sé í meirihluta eigu konu/kvenna (51%) og stjórnað af konu.
- Verkefnið feli í sér nýnæmni eða nýsköpun af einhverju tagi.
- Verkefnið feli í sé atvinnusköpun til frambúðar.
- Viðskiptahugmynd sé vel útfærð.
- Veittir eru styrkir til gerðar viðskiptaáætlunar (600.000), ásamt styrkjum til markaðssetningar og vörubrúunar að hámarki 4.000.000. Hægt er að sækja um styrk fyrir helmingi af kostnaði verkefnis, nema ef sótt er um styrk til gerðar viðskiptaáætlunar.

Umsóknarfrestur er frá 7.febrúar til og með 14.mars og skal sækja um rafrænt á heimasíðunni [www.atvinnumalkvenna.is](http://www.atvinnumalkvenna.is)

Á heimasíðu verkefnisins má finna nánari upplýsingar um reglur og skilyrði sem þarf að uppfylla, sjá [hér](#).

Þær sem fá samþykktan styrk til gerðar viðskiptaáætlunar munu fá tækifæri til að taka þátt í fyrirtækjasmiðju.



ATVINNUMÁL KVENNA  
STYRKIR